

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2025, miðvikudagur 16. júlí var haldinn 511. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:02 í Hofi, Borgartúni 12-14. Á fundinn mættu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Guðný Maja Riba, Helgi Áss Grétarsson, Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns og Sara Björg Sigurðardóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Ásta Björg Björgvinsdóttir og Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Dís Sigurgeirsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Gunnlaugur Sverrisson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á áformum félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um breytt fyrirkomulag samræmdrar móttöku flóttafólks. VEL25060140.

Ásta Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur og Bjarnheiður Gautadóttir skrifstofustjóri frá félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Steinn Jóhannsson sviðsstjóri og Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði og Sigprúður Erla Arnardóttir skrifstofustjóri á velferðarsviði, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar félags- og húsnæðismálaráðuneytisins kynntu áform um breytt fyrirkomulag samræmdrar móttöku flóttafólks. Í fyrirliggjandi tillögum er miðað við að Vinnumálastofnun sinni aðlögunaráætlunum þeirra sem fengið hafa vernd hér á landi sem flóttafólk. Hingað til hafa þessi verkefni verið á ábyrgð sveitarfélaga á grundvelli samnings um samræmda móttöku flóttafólks. Þessi tilfærsla á þjónustu við þennan viðkvæma hóp fólks vekur upp margar spurningar. Sérstaklega óttast velferðarráð um börn þeirra foreldra sem falla undir þennan hóp, sér í lagi þeirra foreldra sem ekki mæta kröfum og skyldum einstaklingsáætlunar þegar horft er á framfærslu og farsæld barna. Farsæld er tryggð með þátttöku barnsins í gegnum skóla-, frístundar-, og tómstundastarf. Það er miður, eiginlega ámælisvert, að framtíðarsýn á þennan þátt málaflokksins skorti en æskulýðsrannsóknin gefur til kynna að börnum af erlendum uppruna líði verr, tilheyri ekki í skólanum og upplifi sig utangarðs. Velferðarráð leggur áherslu á að farsæld barna við þessa stefnumótun sé höfð að leiðarljósi og að gert verði ráð fyrir þörfum barna og ungmenna í samningnum um samræmda móttöku flóttafólks. Velferðarráð telur mikilvægt að ríkið haldi áfram samtali við Reykjavíkurborg til að unnt verði að veita áframhaldandi góða þjónustu fyrir fólk í viðkvæmri stöðu. Velferðarráð átelur framsetningu þessara hugmynda.

2. Lagt fram svar félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 1. júlí 2025, við erindi velferðarsviðs þar sem óskað er eftir upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. VEL25050004.

Frestað.

3. Lagt fram að nýju uppgjör velferðarsviðs á fyrsta ársfjórðungi 2025, sem fært var í trúnaðarbók, sbr. 10. lið fundar velferðarráðs 11. júní 2025. VEL25060020.

4. Lagt fram að nýju yfirlit yfir innkaup á velferðarsviði yfir 10. m.kr. í apríl 2024 – mars 2025, sem fært var í trúnaðarbók, sbr. 11. lið fundargerðar velferðarráðs 11. júní 2025. VEL25060037.

Fundi slitið kl. 15:06.

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Ásta Björg Björgvinsdóttir
Helgi Áss Grétarsson
Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir

Guðný Maja Riba
Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns
Sara Björg Sigurðardóttir